

Daðastöðum 14-2-2021

Er náttúran einskis virði í augum sveitarstjórnar Norðurbings?

Ég skrifa hér enn og aftur bréf, meðal annars til Sveitastjórnar Norðurbings. Það hefur hvarlað að mér, jafnvel að það hljóti að vera, að bréfaskriftir mínar hafi hingað til farið framhjá fulltrúum í sveitarstjórn.

Það berast oft fréttir utan úr heimi hvernig athafnasemi mannsins gengur á náttúruna. Bara til að nefna nokkur dæmi: Amazonskógurinn hverfur hratt og bítandi undan skógarhöggi og skipulögðum skógarbrunum til að flýta fyrir hreinsun. Lönd sem eiga land að Amazon-skóginum reka sum hver byggðastefnu sem gengur út á skógareyðingu. Á eyjunni Bornió sem einu sinni var að verulegu leiti þakin frumskógi, hafa heilu sýslurnar verið hreinsaðar af skógi til að planta olíupálmum. Í Afríku á náttúran mjög undir högg að sækja. David Attenborough hefur lýst því hvernig við mannfólkið erum að taka sífellt meira land frá náttúrunni og breyta því oft til þess eins að græða aðeins meira. Oft er herferðin gegn landinu stunduð, ef ekki af ríkisstjórnnum, þá allvegana með stuðningi þeirra. Erum við Íslendingar eitthvað betri? Það var mikið af mýrum á Íslandi, sérstaklega Sunnanlands. Vitanlega var sjálfsagt að þurrka eitthvað af mýrum en Sunnlendingar náðu að þurrka 96%. Ég trúí því ekki að við Íslendingar þurfum að níðast á náttúruperlum til að lifa af í þessu landi. Nú er ekki mikið af mýrum hér á Norð-Austurhorninu, og af þeim höfðu margar verið þurrkaðar.

Daðastaðamýrin var einstök náttúruperla. Þarna bullaði grunnvatn upp á ótal stöðum. Meðal annars í stórum uppsprettulindum. Þarna voru tvær ár, önnur lítill (Litlilækur), hin (Stórilækur) var þokkalegasti bæjarlækur. Þarna voru mjög margar blautar stara sléttur. Þarna var vatn, Sveltingstjörn. Þegar við riðum um svæðið sallaðist upp vatn á stórum hlutum af mýrinni.

Það er undarlegt verðmætamat þegar slípaðir steinar sem haldið er inni í bankahólfum eru metnir á morðfjár en náttúruperlur er hugsað um eins og sjálfsagðan vettvang misvittra athafnarmenna.

Allt eftirlit með starfseminni hefur verið mjög ábótavant. Það hafa komið tímabil þar sem mávager hefur truflað umferð. Þeir segja núna að þeir ætli ekki að auka dælingu þarna af svæðinu og ætli að endurnýta meira vatn. Þetta hafa þeir sagt áður en farið síðan hina leiðina og stórauka dælingu. Núna er sagt að þeir ætli ekki að auka en þeir ætli að endurnýja holu og að þeir megi dæla upp meiru af volgum sjó. Það laumast að mér sá grunur að þeir ætla að stór auka

dælingu, enda ekkert eftirlit með dælingunni. Á fundi á Kópaskeri sagði fulltrúi frá verksmiðjunni að þeir dældu 500 sekúndulítrum af fersku vatni með niðurdrætti í holunum á 4,5 metra. Á heimasíðu Silfurstjörnunnar stóð á sínum tíma að þeir dældu upp 800 sekúndulítrum. Ég hef heyrt allt aðrar tölur um niðurhal, en þessa 4.5 metra (x3) sem kom fram í máli verksmiðjunnar. Það er algjörlega óviðunandi að ekkert eftirlit sé haft með dælingunni, sérstaklega í ljósi þess að það virðist eiga að leyfa stækkun. Þar fyrir utan get ég ekki séð hvaðan Sveitarfélagið hefur rétt til að leyfa dælingu undan landi sem sveitarfélagið á ekkert í.

Aðkoma Orkustofnunar að þessu máli er afar sérstæð. Fyrst eru þeir fengnir á svæðið til að leiðbeina um vatnstöku. Þeir sjá eins og kemur fram í skýrslum frá þeim að vatn streymir upp úr Daðastaðamýrinni, þeir mæla með borunum niður í þetta vatn Núps megin við landamærin. Eftir borun var vatnsborðið í holunum örlítið hærra en landið í hring. (samkvæmt verksmiðjunni er niðurhalið núna 4.5 metrar, það gæti varið enn lægra.) Þegar ég kvarta síðan um að mýrin sé að þorna þá gefa þeir(Orkustofnun) sami aðilinn og benti á hvar átti að taka vatnið, umsögn. Það kom ef til vill ekki á óvart að þeir kæmust að því að dælingin hefði lítil áhrif. En að þeir fullyrtu að dælingin hefði **engin** áhrif eins og þeir fullyrða, er ótrúlegt, og þeir gera enn betur og fullyrða að vatnið renni upp á móti. Vatnið, allt vatnið hafi allt í einu tekið á því að renna neðanjarðar út í Brunnána. Grunnvatnstaðan sem var við yfirborðið er núna niður á 4 metrum, en það er lægra en farvegur Brunnárinnar. Upp, upp rennur vatnið í Norðurþingi. Trúa sveitarstjórnarmenn því virkilega að þetta álit sé rétt?

Þegar þornunin fór að koma í ljós, datt mér í hug að fá fulltrúa frá Náttúrustofunni að labba með mér um svæðið, til skraps og ráðlegginga. Er ekki hlutverk náttúrustofu, sem full er full af menntuðu fólki, að vera meðal annars bændum og búaliði til leiðsagnar? En viti menn, fulltrúinn sem ég ræddi við fekk blátt bann frá yfirmanni sínum að labba um svæðið. Umræddur yfirmaður var seinna fengin til að gefa álit um þörf á umhverfismati. Hann labbar bara um svæðið þar sem kerin og hús á að koma og skrifar skýrslu. Það er eins og verksmiðjan hafi engin áhrif á umhverfið. Það er engin tilraun gerð til að meta eða gera úttekt hvað dælingin er mikil eða hver áhrif dælingin hefur. Ekki er heldur minnst á saltmengaða þækilinn, sem sleppt er út í Brunnána.

Með nýjustu pappírnum frá Fiskeldinu kom umhverfisúttekt. Þar er sagt strax í upphafi að landið sem er í nágrenni verksmiðjunnar sé mýri með lágu birkikjarri. Hvort tveggja er rangt. Þarna er loðvíðir og grunnvatnstaðan niður á

4 metrum. Þetta þíðir fall í 101 í náttúrufræðum. Ég er orðin svo gáttaður á hvað er látið viðgangast í þessu máli að það kemur upp í hugann hvort það getir verið að vanhæft fólk sé fengið til að skrifa skýrslur vegna vanhæfni frekar en hæfni.

Ef einhver vilji væri fyrir hendi, þá væri tiltölulega auðvelt með nútímatækni að rekja rennsli þess vatns sem kemur inn á svæðið.

Ég hef gegnum árin bæði beðið forráðamann verksmiðjunar og fulltrúa náttúrustofu um að labba með mér um svæðið. Fulltrúi verksmiðjunar vildi ekki labba um svæðið og viðurkennir að hann hafi aldrei gert það þó hann hafi verið þarna árum saman. Aðspurður sagði hann það óþarfa, hann keyrði jú eftir veginum reglulega. Forstöðumaður Náttúrustofu hefur ítrekað neitað að labba með mér um náttúru Daðastaða. Hvernig er það með Sveitastjórn. Treystir hún sér til að fara með mér hér um? Ef ekki þá látið mig vita. Ef þið aftur á móti vilduð koma í ferð um Daðastaði þá eruð þið velkomin öll saman eða í minni hópum í lok Júní byrjun Júlí. Gott væri ef þið gætuð fengið með ykkur fræðinginn frá Orkustofnun sem skrifaði úttektina.

Ég hafði vonað að verksmiðjan breytti um hugsun ,hætti að dæla upp öllu þessu vatni og endurnýtti vatnið frekar. Með þessari stækkun er það borin von. Fyrst svo er, þá er þessu máli ekki að ljúka.

Gunnar Einarsson

Daðastöðum 671 Kópasker

dadastadir@simnet.is